

STRÍÐIÐ VIÐ VANI.

- Ég legg til að við semjum frið og skiptumst á gíslum til að tryggja hann, sagði Óðinn.
- Það finnst mér viturlegt. Við bjóðum ykkur Njörð sem stillir vinda, lægir öldur og slekkur eld, sagði æðsti vaninn.
- Ég er fús til að fara í Ásgarð en ég tek þá fjölskylduna með mér, sagði Njörður.
- Hverjir eru í henni? spurði Þór forvitinn.
- Fyrst og fremst systir mín og eiginkona, svaraði Njörður og leiddi glæsilega konu fram.
- Systir og eiginkona! Áttu við að þú hafir kvænst systur þinni? Vé kom varla út úr sér orðunum fyrir viðbjóði.
- Auðvitað, það er siður hér að systkini giftist, svaraði Njörður.
- Slíkt gengur ekki í Ásgarði. Ef þú kemur verðurðu að skilja hana eftir, sagði Óðinn ákveðinn.
- Ég vona þó að sonur minn og dóttir fái að koma með, sagði Njörður.
- Ég er sonurinn og heiti Freyr. Mér líst vel á að flytja í Ásgarð, sagði fallegur ungur maður.
- Óðinn brosti út að eyrum.
- Ég hef heyrt þín getið og þykist vita að þú ráðir ávexti jarðar, sagði hann.
- Já, frjósemin í náttúrunni er mitt sérsvið, svaraði Freyr.
- Varla yrði nú mikil frjósemin hjá mannfólkinu ef ég væri ekki hér, sagði systir hans.
- Óðinn horfði á hana. Þarna var komin konan með kettina. Og hálsmenið glitraði á barminum.
- Freyja sá að hann horfði á menið og sagði brosandí: - Þetta er Brisingamen. Ég skil það aldrei við mig.
- Þið eruð innilega velkomin í Ásgarð og á móti býð ég Hæni sem er öllum mönnum höfðinglegri. Ég vil að Mímir fylgi honum. Hann er vitrastur þeirra sem sest hafa að hjá okkur ef ég er undanskilinn, sagði Óðinn. Þar með var friður saminn og ákveðið að innsigla hann í Ásgarði að nokkrum tíma liðnum.

Spurningum má svara munnlega, skriflega, einn eða í samvinnu.

Hvaða hlutverk hafði Njörður? _____

Hvers vegna mátti hann ekki taka konuna sína með í Ásgarð? _____

Hvert var sérsvið Freys? _____

Hverju stjórnaði Freyja og hvað hafði hún um hálsinn? _____

Hvað sagði Óðinn um Mími? _____

Hvað átti að að gera í Ásgarði að nokkrum tíma liðnum? _____